


Mannvirki á miðhálandinu



Mannvirki á miðhálandinu

Inngangur	5
Gögn og aðferðir	7
Niðurstöður og umræður	11

Yfirlit yfir mannvirki og þjónustu á miðhálandinu

Sveitarfélög á miðhálandinu	16
Ferðaþjónustustaðir	19
Virkjanir og orkuflutningsmannvirki	22
Vegir og fjarskiptamannvirki	27

Mannvirki og þjónusta á miðhálandinu eftir sveitarfélögum

Borgarbyggð	32
Húnaþing vestra	34
Húnavatnshreppur	36
Sveitarfélagið Skagafjörður	38
Akrahreppur	40
Eyjafjarðarsveit	42
Þingeyjarsveit	44
Skútustaðahreppur	46
Fljótshálsa	48
Fljótshreppur	50
Djúpavogshreppur	52
Sveitarfélagið Hornafjörður	54
Skaftárhreppur	56
Mýrdalshreppur	58
Rangárþing eystra	60
Rangárþing ytra	62
Ásahreppur	64
Skeiða og Gnúpverjahreppur	66
Hrunamannahreppur	68
Bláskógabyggð	70
Grímsnes- og Grafningshreppur	72



Inngangur

Í þessari skýrslu eru settar fram niðurstöður verkefnis um mannvirki og þjónustu á miðhálandinu. Verkefnið er unnið á grundvelli Landsskipulagsstefnu 2015–2026, en þar er Skipulagsstofnun, í samvinnu við Þjóðskrá Íslands og sveitarfélög á miðhálandinu, falið að hafa forgöngu um skráningu á mannvirkjum og þjónustu á hálandinu.

Tilgangur verkefnisins er að fá heildstæða yfirsýn yfir núverandi húsakost og þjónustuframboð á miðhálandinu. Slík yfirsýn er nauðsynleg forsenda frekari stefnumótunar um skipulagsmál á miðhálandinu, svo sem greiningar víðerna, mats á þörf fyrir uppbyggingu ferðaþjónustumannvirkja og nánari stefnu um vegakerfi miðhálandisins. Auk þess er upplýsingum úr verkefninu ætlað að nýtast við gerð aðalskipulags sveitarfélaga og skapa grundvöll fyrir bættri skráningu mannvirkja á miðhálandinu. Sambærileg könnun var gerð þegar unnið var að gerð svæðisskipulags miðhálandisins undir lok síðustu aldar og gefa niðurstöður hennar samanburð um þróun uppbyggingar á miðhálandinu frá aldamótum.

Í skýrslunni eru settar fram niðurstöður skráningar á mannvirkjum og þjónustu á miðhálandinu eftir tegundum mannvirkja,

annarsvegar fyrir einstök sveitarfélög og hinsvegar fyrir miðhálandið í heild. Miðað er við afmörkun miðhálandisins eins og hún er skilgreind í Landsskipulagsstefnu 2015–2026 sem er sama afmörkun og í svæðisskipulagi miðhálandisins, sem unnið var á 10. áratug síðustu aldar.

Skráningin fór fram frá miðju ári 2016 og fram í ársbyrjun 2018. Byggt var á gögnum úr fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands og frá sveitarfélögum á miðhálandinu auk upplýsinga frá fjölmörgum stofnunum, félagasamtökum og einstaklingum og ritaðra heimilda. Þar sem upplýsingar eru fengnar víða að, getur verið um eitthvað misræmi að ræða í skráningu á einstökum stöðum, sér í lagi þegar um að er að ræða matskennd atriði eins og um ástand bygginga. Eins hefur ekki tekist að afla tæmandi upplýsinga um allar byggingar. Engu að síður hefur tekist, með rýni fjölbreyttra heimilda og með samtölum við ólíka aðila, að fá fram heildstætt yfirlit yfir húsakost og önnur mannvirki á hálandinu og hvaða þjónusta er í boði fyrir ferðafólk.

Öllum þeim fjölmörgu aðilum sem lögðu til upplýsingar við vinnslu verkefnisins er þakkað fyrir þeirra framlag.



Gögn og aðferðir

Ferðapjónustustaðir

Í verkefninu var leitast við að skrá allar byggingar á hálendinu. Til að nálgast það markmið var aflað grunnupplýsinga um skráðar byggingar á hálendinu í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Gögnin voru rýnd af þeim sveitarfélögum sem ná inn á miðhálandið, auk þess sem þau veittu upplýsingar um þær ferðapjónustubyggingar sem ekki voru í fasteignaskránni. Einnig veittu sveitarfélögin viðbótarupplýsingar, svo sem um ástand bygginga, fjölda gistirúma, stöðu vatnsveitu- og frárennismála, þjónustuframboð o.fl.

Upplýsingar frá Þjóðskrá Íslands og sveitarfélögum voru samræmdar og yfirfarnar af Skipulagsstofnun ásamt því að hvert og eitt hús var staðsett með punkti í landgagnasafni. Einnig voru þessar upplýsingarnar bornar saman við skipulagsáætlanir sveitarfélaga, upplýsingar af vefnum, ritaðar heimildir og eftir atvikum leitað frekari upplýsinga hjá umsjónarmönnum bygginga eða staðkunnugum einstaklingum.

Þrátt fyrir talsvert umfangsmikla gagnaöflun og heimildavinnu tókst ekki að fá upplýsingar um allar ferðapjónustubyggingar á miðhálandinu, svo sem um stærð þeirra, ástand og fjölda gistirúma. Taka þarf mið af þessu við túlkun á niðurstöðum verkefnisins.

Við vinnslu verkefnisins var einnig litið til skráningar bygginga sem framkvæmd var árið 1997 við gerð svæðisskipulags miðhálandisins. Með hliðsjón af þeim upplýsingum og upplýsingum um nýbyggingar og endurnýjun bygginga frá þeim tíma, var lagt mat á breytingar á umfangi ferðapjónustubygginga á einstökum ferðapjónustustöðum á hálendinu.

Hér að neðan er að finna nánari skilgreiningar á þeim eigindum sem skráðar voru fyrir ferðapjónustubyggingar og settar eru fram í töflum í skýrslunni. Gögn verkefnisins um ferðapjónustumannvirki er auk þess hægt að nálgast á vef landsskipulagsstefnu, landsskipulag.is.

Flokkur

Svæði eru flokkuð í uppbyggingarflokka ferðapjónustustaða á miðhálandinu samkvæmt landsskipulagsstefnu (og áður svæðisskipulagi miðhálandisins). Flokkarnir eru fjórir: Jaðarmiðstöð, hálendismiðstöð, skálasvæði og fjallasel. Flokkarnir segja til um hverskonar uppbygging er möguleg á viðkomandi stað samkvæmt landsskipulagsstefnu, en flokkunin segir hinsvegar ekki til um umfang núverandi mannvirkja og þjónustu á hverjum stað. Þannig kunna staðir að vera skilgreindir sem hálendismiðstöðvar, þrátt fyrir að eingöngu sé núna til staðar stakur fjallaskáli á viðkomandi stað. Þeir staðir sem ekki falla í neinn framangreindra flokka eru skilgreindir sem „Annað“. Um skilgreiningu ólíkra uppbyggingarflokka ferðapjónustustaða, sjá markmið 1.2 í landsskipulagsstefnu og viðeigandi greinargerðarskýringar.¹

Fjöldi

Heildarfjöldi bygginga á hverjum stað samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum.

Stærð (m²)

Heildarflatarmál bygginga á hverjum stað samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum.

Byggingarár

Byggingarár bygginga á hverjum stað samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Ef margar byggingar eru á staðnum frá mismunandi tímum, er tiltekið það árabíl sem byggingarnar voru reistar á.

Ástand

Gróft mat staðkunnugra á ástandi bygginga á hverjum stað. Ástand einstakra bygginga á sama stað getur verið misjafnt.

Ástandsflokkarnir eru:

Gott: Nýlegt mannvirki í góðu ástandi eða eldra mannvirki sem nýtur reglubundins viðhalds.

Sæmilegt: Traust mannvirki í sæmilegu ástandi, farið að láta á sjá og þarfnast aukins viðhalds.

Slæmt: Mannvirki sem þarfnast verulegra endurbóta eða endurbyggingar.

Vatnsveita

Segir til um hvort vatnsveita er á staðnum, samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum. Skráð sem já, nei eða upplýsingar vantar.

Salerni

Segir til um hvort það sé salernisaðstaða á staðnum (vatns- eða þurrsalerni), samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum. Skráð sem já, nei eða upplýsingar vantar.

Fráveita

Segir til um hvort mannvirki eða frárennsli sé tengt rotþró, samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum. Skráð sem já, nei eða upplýsingar vantar.

Gistirúm

Samanlagður fjöldi gistirúma í öllum byggingum á viðkomandi stað samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum.

Veitingar

Segir til um hvort seldar séu veitingar á staðnum, samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum. Skráð sem já, nei eða upplýsingar vantar.

Eldunaraðstaða

Segir til um hvort það sé eldunaraðstaða fyrir ferðafólk á viðkomandi stað samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum. Skráð sem já, nei eða upplýsingar vantar.

¹ Landskipulagsstefna 2015–2026. Sótt 5 desember 2017 af http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Landsskipulagsstefna_2015-2026_asamt_greinargerð.pdf

Virkjanir, orkuflutningsmannvirki, vegir og fjarskiptamannvirki

Upplýsingar um virkjanamannvirki koma frá Landsvirkjun, en um er að ræða lón, stíflur, skurði, jarðgöng, stöðvarhús o.fl. Gögnin gefa glögga mynd af staðsetningu og að einhverju leyti umfangi þessara mannvirkja.

Upplýsingar um orkuflutningskerfið eru frá Landsneti en þar er m.a. að finna upplýsingar um legu, spennu og tegund mannvirkja.

Vegagögnin koma frá Vegagerðinni og innihalda þau m.a. upplýsingar um þjóðvegakerfið auk net landsvega og vegkafla sem falla í aðra vegflokka (tengivegir og héraðsvegir). Ekki liggja fyrir upplýsingar um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands sbr. 32. gr. laga um náttúruvernd en á næstu árum muni verða til formleg vegaskrá yfir allt vegakerfi miðhálandisins þar með talið aðra vegi og vegslóða utan þjóðvegakerfisins.

Heimildir um fjarskiptamöstur eru frá fjarskiptafyrirtækjunum, en Skipulagsstofnun samræmdi gögnin og skráði sem landupplýsingar.





Niðurstöður og umræður

Í þessari skýrslu eru teknar saman niðurstöður verkefnis um mannvirki og þjónustu á miðhálandinu. Sambærilegt yfirlit hefur ekki verið tekið saman frá því að unnið var að gerð svæðisskipulags miðhálandisins fyrir riflega tuttu árum síðan.

Verkefnið felur í sér framfylgd á aðgerð 1.2.2 í Landsskipulagsstefnu 2015–2026, þar sem Skipulagsstofnun er falið í samráði við Þjóðskrá Íslands og hlutaðeigandi sveitarfélög að hafa forgöngu um skráningu mannvirkja og þjónustu á miðhálandinu. Byggt er á upplýsingum úr fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands ásamt viðbótarupplýsingum frá sveitarfélögum. Einnig er byggt á landupplýsingagögnum frá stofnunum og fyrirtækjum ásamt rituðum og munnlegum heimildum og upplýsingum á vef. Megináherslan er á að fá heildaryfirsýn yfir öll mannvirki á miðhálandinu, þar með talin þau mannvirki sem ekki liggja fyrir skýrar upplýsingar um í gagnagrunnum Þjóðskrár Íslands, Landsvirkjunar, Landsnets, Vegagerðarinnar o.fl.

Ferðapjónustumannvirki

Umfang og dreifing ferðapjónustumannvirkja

Niðurstöður verkefnisins gefa vísbendingar um óverulega fjölgun bygginga eða aukningu gistirúma á miðhálandinu í heild samanborið við könnun sem gerð var árið 1997 við gerð svæðisskipulags miðhálandisins.

Yfirgnæfandi meirihluti ferðapjónustubygginga á miðhálandinu eru litlir fjallaskálar, þ.e. 50 m² eða minni. Almenn er ástand bygginga metið gott eða sæmilegt, en þó eru dæmi um að úrbóta sé þörf eða að mannvirki séu talin ónothæf.

Nær öll gistirúm á miðhálandinu eru í hefðbundinni skálagistingu með eldunaraðstöðu, en þó er boðið upp gistingu á hótélum eða gistiheimilum, með veitingasölu, á fáeinum stöðum.

Skráning mannvirkja

Þrátt fyrir að verkefnið hafi skilað nægilegum upplýsingum til að gefa mynd af eðli og umfangi ferðapjónustumannvirkja á miðhálandinu, hefur engu að síður ekki tekist að fá tæmandi upplýsingar um öll slík mannvirki á miðhálandinu og ástand þeirra. Sérstaka athygli vekur að aðeins um 60% þeirra bygginga sem skráðar hafa verið í verkefninu eru skráðar í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands.

Mikilvægt er að skráning húsnæðis á miðhálandinu verði samræmd og bætt, svo unnt sé á hverjum tíma að hafa tæmandi yfirsýn yfir mannvirki á miðhálandinu. Þörf er á sérstöku átaki hjá Þjóðskrár Íslands og sveitarfélögum sem fara með stjórnýsly á miðhálandinu að bæta úr þessu. Auk þess þarf að tryggja að nýbyggingar og endurbætur á eldri húsum séu í samræmi við skipulag og leyfi.

Skráning gistingar og veitingapjónustu

Eins og um mannvirkin, tókst ekki í verkefninu að fá tæmandi yfirsýn yfir gististaði og veitingapjónustu á miðhálandinu, þar sem ekki er aðgengilegt heildstætt yfirlit yfir rekstrar- og starfsleyfi til gisti- og veitingapjónustu á miðhálandinu eða um fjölda gistinátta. Þó má ætla að nýting gistiaðstöðu hafi batnað (þ.e. gistinóttum hafi fjölgað) á miðhálandinu á síðustu árum samhliða mikilli fjölgun erlendra ferðamanna hingað til lands.

Upplýsingar sem Hagstofa Íslands birtir um fjölda gistinátta eða tegundir gistingar eru ekki sundurgreinanlegar niður á miðhálandið í heild eða einstaka hluta þess. Sama má segja um yfirsýn yfir rekstrarleyfi til gististaða sem sýslumenn gefa út og starfsleyfi til gisti- og veitingapjónustu sem heilbrigðisnefndir gefa út.

Afar æskilegt er að mögulegt verði að greina úr opinberum gögnum hvert framboð og nýting gistiþjónustu á miðhálandinu er, þ.e. hver er staðsetning, fjöldi og tegund gististaða og hver nýting gistirúma er.

Samræmi uppbyggingar við skipulagsstefnu og skipulagsáætlanir

Niðurstöður verkefnisins leiða í ljós að í öllum meginatriðum hefur stefna svæðisskipulags miðhálandisins gengið eftir hvað varðar umfang, staðsetningu og eðli uppbyggingar ferðapjónustu. Svæðisskipulag miðhálandisins var staðfest árið 1999 og gilti til ársins 2016, þar sem meðal annars var mörkuð stefna um byggingamál. Ferðapjónustubyggingar sem heimilar voru samkvæmt svæðisskipulaginu skiptust í fjóra flokka jaðarmiðstöðvar, hálandismiðstöðvar, skála og fjallasel. Fjöldi og staðsetning jaðarmiðstöðva, hálandismiðstöðva og skála var sýnd á skipulagsupprætti svæðisskipulagsins og var tæmandi fyrir slík mannvirki sem heimil voru samkvæmt svæðisskipulaginu.

Í landsskipulagsstefnu er áfram gert ráð fyrir að uppbygging ferðamannaáðstöðu verði takmörkuð á miðhálandinu og að megin áhersla verði á uppbyggingu ferðapjónustu á jaðarsvæðum miðhálandisins og á afmörkuðum svæðum í nánd við aðalvegi á miðhálandinu. Þá er mælt til að uppbygging ferðamannaáðstöðu stuðli að góðri aðstöðu ferðafólks á miðhálandinu, en jafnframt verði gætt að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar. Landsskipulagsstefna skilgreinir einnig fjóra flokka ferðapjónustustaða, þ.e. jaðarmiðstöðvar, hálandismiðstöðvar, skálasvæði og fjallasel. Landskipulagsstefna leitast jafnframt við að skýra betur eðli uppbyggingar og þjónustu innan hvers flokks.

Á mörgum ferðapjónustustöðum á miðhálandinu er svigrúm til aukinnar uppbyggingar miðað við gildandi landsskipulagsstefnu. Aðalskipulag viðkomandi sveitarfélags og deiliskipulag á viðkomandi stað segir síðan nánar til um mögulega uppbyggingu og starfsemi á hverjum stað.

Frekari stefnumótun um ferðapjónustumannvirki á miðhálandinu

Samkvæmt Landsskipulagsstefnu 2015–2026 er gert ráð fyrir að unnið verði að mati á þörf fyrir uppbyggingu ferðapjónustumannvirkja á miðhálandinu, þar sem meðal annars verði lagðar til grundvallar niðurstöður þessa verkefnis sem hér er kynnt. Þá liggur fyrir að ríkisstjórnin stefnir að stofnun miðhálandisþjóðgarðs.

Virkjanir og orkuflutningsmannvirki

Allar stærstu vatnsaflsvirkjanir landsins liggja í heild eða að hluta innan marka miðhálandisins. Þorri þeirra er á suðurhluta miðhálandisins, þ.e. allar fyrir utan Blönduvirkjun og Kárahnjúkavirkjun. Sama á við þær háspennulínur sem liggja innan hálandismarkanna, þær eru flestar á sunnanverðu hálandinu og eru í öllum tilfellum loftlínur.

Samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun leggur umhverfis- og auðlindaráðherra fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun). Þar skal mótuð stefna um hvort nýta megi landsvæði þar sem er að finna virkjunarkosti til orkuvinnslu eða hvort ástæða sé til að friðlýsa þau eða kanna frekar. Virkjunarkostir á viðkomandi svæðum eru samkvæmt því flokkaðir í orkunýtingarflokk, verndarflokk eða biðflokk.

Í landsskipulagsstefnu er jafnframt mörkuð stefna um að orkulindir á miðhálandinu verði nýttar með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi, sérstaklega með tilliti til verndunar víðerna. Sérstaklega er mælt til að við umhverfismat verndar- og orkunýtingaráætlunar og kerfisáætlunar verði lagt mat á áhrif valkosta eða fyrirhugaðra framkvæmda á víðerni og náttúru miðhálandisins. Því er einnig beint til skipulagsgerðar sveitarfélagna að meiriháttar mannvirkjagerð vegna orkuvinnslu og orkuflutnings verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni eða landslags-

heildir miðhálandisins. Fram til þessa hefur eingöngu verið virkjað vatnsafl á miðhálandinu og því felur möguleg virkjun jarðvarma og vindorku í sér nýjar áskoranir.

Nýjar flutningslínur raforku geta samrýmst landsskipulagsstefnu falli þær að áherslum um verndun víðerna og náttúrugæða miðhálandisins. Í þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku segir einnig að skoða beri að hve miklu leiti nýta megi jarðstrengi með hagkvæmum hætti við uppbyggingu orkuflutningskerfisins, en ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálandið.

Vegir og fjarskiptamannvirki

Þjóðvegir og aðrir vegir og vegslóðar

Í verkefninu hefur eingöngu verið tekið saman yfirlit yfir þann hluta vegakerfis miðhálandisins sem tilheyrir þjóðvegakerfinu. Víða um miðhálandið liggja hinsvegar aðrir vegir og vegslóðar, en þeir hafa ekki verið skráðir í þessu verkefni.

Lengi hefur ríkt óvissa um hvernig standa skuli að ákvörðunum um hvaða ökuleiðir sem myndast hafa í áranna rás um miðhálandið, utan við þjóðvegakerfið, skuli vera skilgreindar sem vegir sem heimilt er að aka. Með samþykkt nýrra náttúruverndarlaga árið 2015 var loks komið á formlegri umgjörð um þessar ákvarðanir sem enn hefur verið styrkt með setningu reglugerðar um vegi í náttúru Íslands árið 2018. Á næstu árum er þess að vænta að sveitarfélög sem fara með stjórnslu á miðhálandinu muni ganga frá skráum yfir þessa vegi og með því mun loks fást formleg vegaskrá yfir allt vegakerfi miðhálandisins.

Flestir vegir um miðhálandið, hvort sem þeir tilheyra þjóðvegakerfinu eða ekki, eru einfaldir malarvegir eða vegslóðar, í sumum tilfellum torfærir og með óbrúuðum ám. Örfáir vegir sem liggja um eða inn á miðhálandið eru með bundnu slitlagi.

Frekari stefnumótun um vegakerfi miðhálandisins

Samkvæmt Landsskipulagsstefnu 2015–2026 er gert ráð fyrir að unnið verði að nánari greiningu á kostum varðandi þróun samgöngukerfis miðhálandisins og útfærslu vega. Eðlilegt er að það gerist samhliða frekari stefnumótun um uppbyggingu ferðapjónustu á miðhálandinu og þróun hugmynda um stofnun miðhálandisþjóðgarðs.

Fjarskiptamannvirki


Þá hefur í verkefninu verið safnað saman upplýsingum um fjarskiptamannvirki á miðhálandinu. Í flestum tilfellum er um að ræða mastur og lítið hús sem hýsir tækniþúnað.


Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum frá Póst- og fjarskiptastofnun um útbreiðslu GSM, 3G og 4G þjónustu eru allstór svæði á miðhálandinu utan GSM þjónustu og megin hluti miðhálandisins án 4G. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort þörf sé á frekari mannvirkja-gerð í tengslum við uppbyggingu 4G kerfisins á hálandinu. Auk þessa er á miðhálandinu Tetra fjarskiptakerfi, stafrænt talstöðvakerfi, sem notað er af viðbragðsaðilum o.fl. en ekki liggja fyrir upplýsingar um útbreiðslu þess á vef Póst- og fjarskiptastofnunnar.

Yfirlit yfir mannvirki og þjónustu á miðhálandinu



Sveitarfélög á miðhálandinu







Ferðapjónustustaðir

Á miðhálandinu eru ferðapjónustubyggingar á 197 stöðum. Þar af eru fjórir staðir skilgreindir sem jaðarmiðstöð, sjö hálandismiðstöðvar og 28 skálasvæði samkvæmt landsskipulagsstefnu. Einnig eru 145 ferðapjónustustaðir sem falla í flokk fjallaselja. Auk þess eru á 13 stöðum byggingar sem falla ekki í neinn framangreindra flokka.

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum eru alls 586 byggingar á þessum stöðum og er aðeins um 60% af þeim skráðar í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands.

Heildarflatarmál ferðapjónustubygginga á miðhálandinu er samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum um 27.000 m². Athugun á stærðardreifingu ferðapjónustubygginga leiðir í ljós að 62% þeirra bygginga sem upplýsingar liggja fyrir um, eru 50 m² eða minni. Þá eru 26% á bilinu 51-100 m², en 12% með flatarmál yfir 100 m².

	Fjöldi staða	Fjöldi bygginga	Stærð (m ²)	Gistirúm
Jaðarmiðstöðvar*	4	25	4745	347
Hálendismiðstöðvar*	7	71	3577	522
Skálasvæði*	28	178	7235	1509
Fjallasel*	145	281	8789	2233
Annað*	13	31	2431	64

* Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um flatarmál allra húsa

Í landsskipulagsstefnu (og áður í svæðisskipulagi miðhálandisins) er gert ráð fyrir fjórum jaðarmiðstöðvum, það eru Áfangi við Kjalveg, Möðrudalur við Möðrudalsleið og Hrauneyjar og Hólas skógur við Sprengisandsleið.

Hálendismiðstöðvarnar eru á sjö stöðum samkvæmt landsskipulagsstefnu, það eru Hveravellir, Kerlingarfjöll og Árbúðir við Kjalveg, Hólaskjól við Fjallabaksleið nyrðri, Laugafell við Sprengisandsleið og Drekgil og Laugarfell norðan Vatnajökuls. Einnig er gert ráð fyrir hálandismiðstöðvum við Kárahnjúka norðan Vatnajökuls og í Háumýrum við Sprengisandsleið í landsskipulagsstefnu, en þar eru nú engin ferðapjónustumannvirki samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum.

Skálasvæðin eru 33 samkvæmt landsskipulagsstefnu en það eru: Geitlandsskáli við Langjökul, Skálpanes, Úlfsvatn, Arnarvatn stóra, Galtará, Strangakvísl, Ingólfsskáli við Lambafell, Herðubreiðarlindir, Suðurárbotnar, Kverkfjöll, Laugavellir, Snæfell, Skálafellsjökull, Markarfljótsskáli, Hvanngil, Álftavatn, Landmannalaugar, Landmannahellir, Tjaldvatn (Veiðivötn), Versalir, Nýidalur, Básar, Húsadalur, Langidalur, Svinárnes, Gljúfurleit, Hagavatn og Tjaldafell. Einnig er gert ráð fyrir skálasvæðum við Norðlingafjót,

Kiðagil, Galta, Hágöngur og Fagraskóg í landsskipulagsstefnu, en þar eru ekki til staðar ferðapjónustubyggingar samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum.

Um skipulagsstefnu um ferðapjónustu á miðhálandinu og svigrúm til uppbyggingar á ólíkum flokkum ferðapjónustustaða vísast til markmiðs 1.2 í landsskipulagsstefnu og skýringa við það.

Við gagnaöflun fyrir kortlagningu ferðapjónustubygginga var óskað eftir lauslegu mati á ástandi ferðapjónustubygginga, frá sveitarfélögum, þjónustuaðilum og öðrum staðkunnugum. Niðurstöður þeirrar athugunar er að um 70% af þeim byggingum, þar sem upplýsingar voru fyrir hendi, eru metnar í góðu ástandi, um 20% voru taldar í sæmilegu ástandi og um 10% í slæmu ástandi. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er einhvers konar salernisaðstaða og vatnsveita á nær öllum ferðapjónustustöðum á hálandinu. Ekki liggja þó fyrir fullnægjandi upplýsingar um ástand vatnsveitu- og fráveitumála fyrir einstakar ferðapjónustubyggingar.

Gistirúm á miðhálandinu eru alls 4.675 samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum. Samanborið við könnun sem gerð var árið 1997 við gerð svæðisskipulags miðhálandisins virðist gistirúmum hafa fjölgað á hálandisluta 11 sveitarfélaga. Það er í Borgarbyggð, Húnaþingi vestra, Eyjafjarðarsveit, Skútustaðahreppi, Fljótsdalshéraði, Skaftárhreppi, Rangárþingi eystra, Rangárþingi ytra, Ásahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Hrunamannahreppi. Á hálandisluta annarra sveitarfélaga virðist fjöldi gistirúma hafa staðið í stað eða gistirúmum hafa fækkað lítillega frá könnuninni árið 1997.

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er gisting á miðhálandinu almennt séð í fjallaskálum með eldunaraðstöðu. Hótel- eða gistiheimilagisting með veitingasölu er þó á nokkrum stöðum, svo sem í Kerlingarfjölum í Hrunamannahreppi, á Hótel Hálandi í Ásahreppi og í Hrauneyjum í Rangárþingi ytra.

Þar sem ekki liggja fyrir greinargóðar upplýsingar um eignarhald og notkun bygginga á hálandinu (sbr. að aðeins um 60% bygginga er skráð í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands) er ekki hægt að gera grein fyrir hvort einstakar ferðapjónustubyggingar eru opnar ferðafólki.


Veitingar eru í boði á 16 stöðum á hálandinu samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum. Það eru Hveravellir og Kerlingarfjöll við Kjalveg, Laugafellsskáli, Nýidalur, Stóraver, Hótel Háland og Hrauneyjar við Sprengisandsleið, Möðrudalur við Möðrudalsleið, Sænantasel við Brúarveg, Skálafellsjökull við Jökulveg sunnan Vatnajökuls, Jökulheimar

við Jökulheimaleið, Landmannahellir og Landmannalaugar við Fjallabaksleið, Húsadalur í Þórsmörk og Skálpanes við Skálpanesveg. Auk þess er samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum almennt eldunaraðstaða fyrir ferðafólk í tengslum við gistingu í fjallaskálum.

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum eru hesthús eða önnur gripahús á rúmlega 50 ferðaþjónustustöðum á miðhálandinu eða alls rúmlega 70 byggingar.

Vatnajökulsþjóðgarður nær inn á hálendis- hluta Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Skaftárhrepps og Ásahrepps. Inni á þessu svæði eru 56 ferðaþjónustubyggingar á 25 stöðum. Það eru Gæsavötn, Drekgil, Dyngjufjalladalur, Dyngja, Kistufell, Vikraborgir, Suðurárbotnar, Kverkfjöll, Hvannalindir, Kverkfjallaskáli (Sigurðarskáli), Sauðárkofi, Snæfell, Geldingafellsskáli, Hálskofi, Grímsfjall, Esjufjöll, Goðahnjúkar, Eldgjá, Langisjór, Lakagígar, Skælingar, Sveinstindur, Sylgjufell, Nýidalur og Jökulheimar.

Í friðlandinu í Herðubreiðarlindum, á hálendis- hluta Skútustaðahrepps, er samnefnt skálasvæði með fjórum byggingum. Mörk friðlandsins í Þjórsárverum liggja inn á hálendis- hluta Ásahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps og þar eru 15 ferðaþjónustubyggingar á átta stöðum. Það eru Þúfuver, Þúfuvötn, Hreysikvísl, Háumýrar (Þjórsárdrög), Setrið, Nautalda, Bólstaður og Tjarnarver. Innan friðlands í Lónsöræfum í Sveitarfélaginu Hornafirði eru fjórar ferðaþjónustubyggingar á þremur stöðum, það eru Ásavatn, Múlaskáli og Múlakot og Lónsöræfi nyrðri. Stór hluti hálendis- hluta Rangárþings ytra er innan friðlandsins að Fjallabaki og þar eru Landmannahellir, Landmannalaugar, Hrafninnusker og Höll. Innan friðlandsins í Geitlandi við Langjökul eru fimm ferðaþjónustubyggingar. Hveravellir í Húnavatnshreppi eru friðlýst náttúruvætti og innan þess svæðis eru sex ferðaþjónustubyggingar. Í friðlandinu í Guðlaugstungum norðan Hofsjökuls eru einnig sex ferðaþjónustubyggingar við Ströngukvísl og ein bygging við Áfangaflá.



Ferðaþjónustustaðir

- Hálandismiðstöð
- Jaðarmiðstöð
- Skálasvæði
- Fjallasel
- Annað

Mörk

- Mörk miðhálandis
- Mörk sveitarfélaga
- Friðlýst svæði
- Vatnajökulsþjóðgarður

Háspennulínur

- 132 kV
- 220 kV

Orkumannvirki og lón


- ▨ Lón
- Smávirkjun
- Aflstöð

Önnur mannvirki

- ▲ Fjarskiptamannvirki

Samgöngur

- Stofnvegur
- Stofnvegur um hálandi
- Landsvegur
- Tengivegur



Virkjanir og orkuflutningsmannvirki

Virkjanir

Á miðhálandinu eru fimm vatnsaflsvirkjanir með aflstöðvum og mannvirkjum tengdum þeim, svo sem lónum og stíflum. Það eru Búðarhálsvirkjun, Hrauneyjafossvirkjun, Sigölduvirkjun, Sultartangavirkjun og Vatnsfellsvirkjun. Einnig eru lón og veitumannvirki tveggja annarra virkjana á miðhálandinu, þ.e. Blönduvirkjunar og Kárahnjúkavirkjunar, en aflstöðvar þeirra eru neðan hálandismarka, það er Blöndustöð og Fljótsdalsstöð. Auk þess gegna Hágöngumiðlun, Kvíslarveitur og Þórisvatn hlutverki í vatnsmiðlun fyrir virkjanir á vatnasviði Þjórsár og Tungnár.

Flestar eru virkjanirnar á suðurhálandinu. Þannig eru fjórar aflstöðvar á hálandishluta Ásahrepps en ein aflstöð á hálandishluta Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Á hálandishluta Húnavatnshrepps eru lón og miðlunarmannvirki Blönduvirkjunar. Á hálandishluta Fljótsdalshrepps og Fljótsdalshéraðs eru mannvirki tengd Kárahnjúkavirkjun, svo sem lón og veitumannvirki.

Auk ofangreinds eru nokkrar smávirkjanir á miðhálandinu samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum, svo sem í Kerlingarfjöllum, við Bláfell og á Möðrudal.

Orkuflutningsmannvirki

Um miðhálandið liggja átta 220 kV háspennulínur, það er Búðarhálslína 1, Hrauneyjafosslína 1, Sigöldulínur 2 og 3, Sultartangalínur 1, 2 og 3 og Vatnsfellslína 1. Einnig liggur hluti af Byggðalínu (132 kV) inn á miðhálandið, en það er á köflum sem nefnast Hrútatungulína 1, Kröflulína 2, Sigöldulína 4 og Teigarhornslína 1. Allt eru þetta loftlínur. Auk þessa er á nokkrum stöðum tengivirki á miðhálandinu í tengslum við orkuflutning svo sem við Sultartanga, Búðarháls, Hrauneyjafoss, Sigöldu og Vatnsfell.

Um skipulagsstefnu um orkuvinnslu og orkuflutning á miðhálandinu vísast til markmiðs 1.4 í landsskipulagstefnu og skýringa við það.




Virkjun/afstöð	Uppsett ¹ afl (MW)	Gangsetning ¹ (ár)	Lón	Stíflur	Sveitarfélag
Blönduvirkjun, Blöndustöð (utan hálandis)	150	1991-1992	Blöndulón, Smalatjörn, Pristikla og Austara Friðmundarvatn (að hluta innan hálandisins)	Blöndustífla, Fannlækjarstífla og Kolkustífla	Húnavatnshreppur
Búðarhálsvirkjun, Búðarhálsstöð	95	2014	Sporðöldulón	Sporðöldustífla	Ásahreppur
Hrauneyjafossvirkjun, Hrauneyjafosstöð	210	1981	Hrauneyjalón	Hrauneyjarfosstífla	Ásahreppur og Rangárþing ytra
Kárahnjúkavirkjun, Fljótsdalsstöð (utan hálandis)	690	2007	Háslón, Kelduárlón, Ufsárlón og Grjótárlón	Sauðárdalsstífla, Kárahnjúkastífla, Desjárstífla, Ufsárstífla, Kelduárstífla og Grjótárstífla	Fljótsdalshreppur og Fljótsdalshérað
Sigölduvirkjun, Sigöldustöð	150	1978	Krókslón	Sigöldustífla	Ásahreppur og Rangárþing ytra
Sultartangavirkjun, Sultartangastöð	120	1999	Sultartangalón	Sultartangastífla	Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Ásahreppur
Vatnsfellsvirkjun, Vatnsfellstöð	90	2001	Þórisvatn, Vatnsfellslón,	Vatnsfellsstífla	Ásahreppur

¹ Landsvirkjun. (2017). *Aflstöðvar*. Sótt 15 desember 2017 af www.landsvirkjun.is/fyrirtaekid/aflostodvar.

Orkuflutningsmannvirki	kV ²	Tekin í notkun (ár) ²	Lega	Sveitarfélag
Búðarhálslína 1	220	2014	Frá Búðarhálsstöð að Hrauneyjafosslínu 1	Ásahreppur Rangárþing ytra
Hrútatungulína 1	132	1976	Hluti Byggðalínu frá Norðurárdal að Holtavörðuvatni	Borgarbyggð
Hrauneyjafosslína 1	220	1982	Frá Hrauneyjafosstöð að Sultartangastöð	Rangárþing ytra Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Kröflulína 2	132	1978	Hluti Byggðalínu frá Kröfluvirkjun að Jökuldalsheiði og á Fljótsdalsheiði	Skútustaðahreppur Fljótsdalshérað
Sigöldulína 2	220	1982	Frá Sigöldustöð að Hrauneyjafosstöð	Ásahreppur Rangárþing ytra
Sigöldulína 3	220	1975/2015	Frá Sigöldustöð að Sultartangastöð og til suðurs meðfram Þjórsá (að Búrfellsstöð)	Ásahreppur Rangárþing ytra Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Sigöldulína 4	132	1984	Hluti Byggðalínu frá Sigöldustöð að Skaftá	Ásahreppur Rangárþing ytra Skaftárhreppur
Sultartangalína 1	220	1982	Frá Sultartangastöð og norður fyrir Skjaldbreið og að Uxahryggjum	Skeiða- og Gnúpverjahreppur Bláskógabyggð Hrunamannahreppur Grímsnes- og Grafningshreppur Borgarbyggð
Sultartangalína 2	220	1999	Frá Sultartangastöð og til suðurs meðfram Þjórsá (að Búrfellsstöð)	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Sultartangalína 3	220	2006	Frá Sultartangastöð og norður fyrir Skjaldbreið og að Uxahryggjum	Skeiða- og Gnúpverjahreppur Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Borgarbyggð
Teigarhornslína 1	132	1981	Hluti Byggðalínu meðfram Axarvegi	Fljótsdalshérað Djúpavogshreppur
Vatnsfellslína 1	220	2001	Frá Vatnsfellsstöð við Þórisvatn að Sigöldustöð	Ásahreppur

² Landsnet, 2017. Afhendingaröryggi og gæði flutningskerfisins. Frammistöðuskýrsla 2016. Skýrsla nr. 17002. Sótt 23 nóvember 2017 af www.landsnet.is/library/Skjol/Um-okkur-/utgafa-og-samskipti/Skyrslur/Frammistoduskysrslur/Frammistoduskysrsla_Landsnets_2016.pdf



Ferðaþjónustustaðir

- Hálandismiðstöð
- Jaðarmiðstöð
- Skálasvæði
- Fjallasel
- Annað

Mörk

- Mörk miðhálandis
- Mörk sveitarfélaga
- Friðlýst svæði
- Vatnajökulsþjóðgarður

Háspennulínur

- 132 kV
- 220 kV

Orkumannvirki og lón


- ▨ Lón
- Smávirkjun
- Aflstöð

Önnur mannvirki

- ▲ Fjarskiptamannvirki

Samgöngur

- Stofnvegur
- Stofnvegur um hálandi
- Landsvegur
- Tengivegur





Vegir og fjarskiptamannvirki

Vegir

Sá hluti þjóðvegakerfisins sem liggur innan miðhálandisins telur 54 vegi. Um miðhálandið liggja fjórir „stofnvegir um hálandi“. Þeir eru Kaldadalsvegur (550), Kjalvegur (35), Sprengisandsleið (F26) og Fjallabaksleið nyrðri (208 og F208).

Stofnvegakerfi láglendis nær inn á miðhálandið á nokkrum stöðum. Það á við kafla á Hringveginum (1) á Holtavörðuheidi og á Mývatns- og Möðrudalsöræfum auk efsta hluta Norðausturvegar (85) til Vopnafjarðar. Einnig efsta hluta Þjórsárdalsvegur (32) og síðan Sprengisandsleið (26) frá Þjórsá að vegamótum við Fjallabaksleið nyrðri og áfram að Sprengisandsleið (F26).

Auk framangreindra stofnvega tilheyrir þjóðvegakerfinu um miðhálandið net landsvega og stöku vegkaflar sem falla í aðra vegflokka (tengivegir og héraðsvegir).

Þá liggja víða vegir og vegslóðar um miðhálandið sem ekki tilheyra þjóðvegakerfinu. Þeir hafa ekki verið skráðir í þessu verkefni. Lengi hefur ríkt óvissa um hvernig standa skuli að ákvörðunum um hvaða ökuleiðir sem myndast hafa í áranna rás um miðhálandið, utan við þjóðvegakerfið, skuli vera skilgreindar sem vegir sem heimilt er að aka. Með samþykkt nýrra náttúruverndarlaga árið 2015 var loks komið á formlegri umgjörð um þessar ákvarðanir sem enn hefur verið styrkt með setningu reglugerðar um vegi í náttúru Íslands árið 2018. Á næstu árum er þess að vænta að sveitarfélög sem land eiga inn á miðhálandið muni ganga frá skráum yfir þessa vegi og með því mun loks fást formleg vegaskrá yfir allt vegakerfi hálandisins.

Flestir vegir um hálandið, hvort sem þeir tilheyra þjóðvegakerfinu eða ekki, eru einfaldir malarvegir eða vegslóðar, í sumum tilfellum torfærir og með óbrúuðum ám. Örfáir vegir sem liggja um eða inn á miðhálandið eru með bundnu slitlagi. Það á við áður nefnda vegkafla stofnvegakerfis láglendis sem liggja

inn á miðhálandið, þ.e. á Hringveginum (1), Norðausturveg (85), Þjórsárdalsveg (32) og Sprengisandsleið (26) sem og aðra vegi sem tengja byggð við miðhálandið eins og Dettifossveg (862) og Austurleið (910) sem liggur úr Fljótsdal að Kárahnjúkum. Sama á einnig við hluta „stofnvega um hálandi“, þ.e. syðsta hluta Kaldadalsvegur (550) að Uxahryggjavegi og syðsta hluta Kjalvegur (35) að Kattarhrygg. Þá eru vegkaflar við virkjanir á miðhálandinu með bundnu slitlagi, svo sem við Búðarhálsvirkjun, Sigöldu og Hraunaveitu.

Um skipulagsstefnu um samgöngur á miðhálandinu vísast til markmiðs 1.3 í landskipulagstefnu og skýringa við það.


Fjarskiptamannvirki

Á miðhálandinu eru fjarskiptamannvirki á 22 stöðum. Í flestum tilfellum er um að ræða mastur og lítið hús sem hýsir tækniúnað. Hæð mastra er mismunandi en flest eru þau 8–20 m, en hæst er 42 m stálgrindarmastur við Snjóöldu í Rangárþingi ytra. Húsin sem hýsa tækniúnað eru að jafnaði 5–10 m². Auk ofangreindra fjarskiptastaða á hálandinu, eru í nokkrum tilfellum fjarskiptasendar á öðrum mannvirkjum, svo sem á virkjunarmannvirkjum.

Á vef Póst- og fjarskiptastofnunar er kort sem sýnir dreifikerfi og útbreiðslu GSM símaþjónustu á Íslandi, svo sem útbreiðslu 3G og 4G merkis miðað við ákveðnar forsendur. Samkvæmt þeim upplýsingum eru allstór svæði á miðhálandinu utan GSM þjónustu og megin hluti miðhálandisins án 4G. Auk þess er starfrækt Tetra fjarskiptakerfi, sem einkum er nýtt af viðbragðsaðilum og stofnunum.

Ekki liggja fyrir upplýsingar á vef Póst- og fjarskiptastofnunar um útbreiðslu Tetra kerfisins.

Um skipulagsstefnu um fjarskipti á miðhálandinu vísast til markmiðs 1.5 í landskipulagstefnu og skýringa við það.



Ferðaþjónustustaðir

- Hálandismiðstöð
- Jaðarmiðstöð
- Skálasvæði
- Fjallasel
- Annað

Mörk

- Mörk miðhálandis
- Mörk sveitarfélaga
- Friðlýst svæði
- Vatnajökulsþjóðgarður

Háspennulínur

- 132 kV
- 220 kV

Orkumannvirki og lón


- ▨ Lón
- Smávirkjun
- Aflstöð

Önnur mannvirki

- ▲ Fjarskiptamannvirki

Samgöngur

- Stofnvegur
- Stofnvegur um hálandi
- Landsvegur
- Tengivegur



Mannvirki og þjónusta á miðhálandinu eftir sveitarfélögum



Borgarbyggð

Ferðapjónustustaðir

Á hálendishluta Borgarbyggðar eru ferðapjónustubyggingar á átta stöðum, þar af eru tveir staðir skilgreindir sem skálasvæði í landskipulagsstefnu, en sex falla í flokk fjallaselja.

Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum eru alls 22 byggingar á þessum stöðum og er um 90% þeirra skráð í gögnum Þjóðskrár Íslands. Heildarflatarmál bygginga er 1.013 m². Í könnun sem gerð var árið 1997 við gerð svæðisskipulags miðhálendisins voru 12 byggingar með heildarflatarmál um 610 m² á hálendishluta Borgarbyggðar.

Úlfsvatn og Geitland eru skilgreind sem skálasvæði í landsskipulagsstefnu (og áður svæðisskipulagi miðhálendisins). Auk þess er Norðlingafljót tilgreint sem skálasvæði en þar eru engar byggingar. Við Geitland eru fimm hús með aðstöðu fyrir ferðapjónustu en án gístaðstöðu. Á Úlfsvatni (suður) er rekin gisting. Í Álftrák, Fljótsdrögum, Gilsbakkaseli, Hellishólma, við Arnarvatn litla og Úlfsvatn (norður) eru stakir fjallaskálar auk hesthúsa sem þjóna margir hverjir einnig sem gangnamannahús.

Gistirúm eru alls 155 samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum. Samanborið við niðurstöður könnunarinnar 1997 hefur gistirúmum fjölgað. Það virðist fyrst og fremst skýrast af uppbyggingu og endurbótum á skálum við Arnarvatn litla, í Gilsbakkaseli og við Úlfsvatn.

Þjónusta við ferðamenn á hálendishluta Borgarbyggðar er einkum í tengslum við ferðir á Langjökul og gistingu fyrir veiðimenn, gönguhópa og hestaferðir á Arnarvatnsheiði og Tvídægru. Veigamesti þjónustustaðurinn er Geitland sem stendur innan samnefnds friðlands við Langjökul. Þar er aðstaða fyrir jöklaferðir en ekki gisting.

Virkjanir og orkuflutningsmannvirki

Engar virkjanir eru á hálendishluta Borgarbyggðar en innan marka sveitarfélagsins liggur byggðalína, Hrutatungulína 1, 132 kV, milli Hellistungna og Holtavörðuvatns. Auk þess er Sultatangalína 1, 220 kV, á stuttum kafla við Brunnavatn á mörkum hálendishluta sveitarfélagsins.

Vegir

Innan hálendishluta sveitarfélagsins liggur Hringvegurinn (stofnvegur) á kafla við Norðurá, en einnig Kaldadalsvegur (F550) sem er stofnvegur á hálendi. Auk þess Arnarvatnsvegur (F578) sem er landsvegur og Langjökulsvegur (551) tengivegur.

Fjarskiptamannvirki

Á hálendishluta Borgarbyggðar eru fjarskiptamöstur á tveimur stöðum, á Stórholti og Strúti. Á báðum stöðum er mastur ásamt litlu húsi sem hýsir tækniúnað.

Staður/svæði	Flokkur	Fjöldi	Stærð (m ²)	Byggingarár	Ástand	Vatnsveita	Salerni	Fráveita	Gistirúm	Veitingar	Eldunar- aðstaða
Arnarvatn litla	Fjallasel	1	25	2010	—	✓	✓	—	8	—	✓
Álftrák	Fjallasel	3	205	1990–2014	★★	✓	✓	✓	30	✗	✓
Fljótsdrög*	Fjallasel	4	89	1977–1982	★	✗	✓	✓	10	✗	—
Geitland (Jaki)*	Skálasvæði	5	196	1994–1995	★★	✗	✓	✓	0	✗	✗
Gilsbakkasel	Fjallasel	2	146	1948–1988	★★/↓	✓	✓	✓	30	✗	✓
Hellishólmi	Fjallasel	3	159	1928–2012	★★/↓	✓	✓	✓	35	✗	✓
Úlfsvatn suður	Skálasvæði	2	48	1992–2003	★★	✓	✓	✓	12	✗	✓
Úlfsvatn norður	Fjallasel	2	145	1993–1994	★★	✓	✓	✓	30	✗	✓

* Ekki eru fyrirbyggjandi upplýsingar um flatarmál allra húsa

★★ Gott ★ Sæmilegt ↓ Slæmt — Ekki vitað ✓ Já ✗ Nei

Ferðapjónustustaðir

- Hálandismiðstöð
- Jaðarmiðstöð
- Skálasvæði
- Fjallasel
- Annað

Mörk

- Mörk miðhálandis
- Mörk sveitarfélaga
- Friðlýst svæði
- Vatnajökulsþjóðgarður

Háspennulínur

- 132 kV
- 220 kV

Orkumannvirki og lón


- ▨ Lón
- Smávirkjun
- Aflstöð

Önnur mannvirki

- ▲ Fjarskiptamannvirki

Samgöngur

- Stofnvegur
- Stofnvegur um hálandi
- Landsvegur
- Tengivegur



Húnaþing vestra

Ferðapjónustustaðir

Á hálendishluta Húnaþings vestra eru ferðapjónustubyggingar á 12 stöðum. Þar af er einn staður skilgreindur sem skálasvæði samkvæmt landsskipulagsstefnu og ellefu falla í flokk fjallaselja.

Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum eru alls 28 byggingar á þessum stöðum og um 60% þeirra skráð í gögnum Þjóðskrár Íslands. Heildarflatarmál bygginga er 837 m². Í könnun sem gerð var árið 1997 við gerð svæðisskipulags miðhálandisins voru byggingar 19 og heildarflatarmál þeirra um 800 m².

Samkvæmt landsskipulagsstefnu (og áður svæðisskipulag miðhálandisins) er Arnarvatn stóra á Arnarvatnsheiði eina skálasvæðið í Húnaþingi vestra. Á fimm stöðum eru fjallaseljar auk hesthúsa, það er í Fellaskála, Haugakvíslarskála, Húksheiðarskála, Núpsheiðarskála og Skútagili. Stakir fjallaseljar eru Bleikskvíslarskáli, Bræðraborg við Hólmavatn, Hveraborg, Kvíslavötn og Mönguhólsskáli.

Gistirúm eru alls 222 samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum. Samanborið við niðurstöður könnunar árið 1997 hefur gistirúmum fjölgað. Það skýrist m.a. af uppbyggingu og endurnýjun á Arnarvatni stóra, Hveraborg og Núpsheiðarskála. Í öllum tilfellum er um að ræða gistingu í fjallaseljum.

Þjónusta við ferðamenn á hálendishluta Húnaþings vestra er dreifð og miðast einkum við gistingu fyrir veiðimenn, hestaferðir og gönguhópa auk gangnamanna. Veigamestu ferðapjónustustaðirnir eru Arnarvatn stóra og Fellaskáli. Skálavörður og veiðivörður hefur aðsetur við Arnarvatn stóra yfir sumartímann.

Virkjanir og orkuflutningsmannvirki

Engar virkjanir eða orkuflutningsmannvirki eru á hálendishluta Húnaþings vestra.

Vegir

Á hálendishluta Húnaþings vestra er Arnarvatnsvegur (578) upp úr Miðfirði sem er landsvegur.

Fjarskiptamannvirki

Engin fjarskiptamannvirki eru á hálendishluta Húnaþings vestra.

Staður/svæði	Flokkur	Fjöldi	Stærð (m ²)	Byggingarár	Ástand	Vatnsveita	Salerni	Fráveita	Gistirúm	Veitingar	Eldunar- aðstaða
Arnarvatnsheiði (Lónaborg)*	Fjallasel	5	146	1973-1992	★★/★	✓	✓	✓	20	–	✓
Arnarvatnsheiði (Arnarvatn stóra)	Skálasvæði	6	137	1962-2004	★★/★	✓	✓	✓	35	–	✓
Bleikskvíslarskáli (Víghólsskáli)	Fjallasel	2	33	1963-1991	★★	✓	✓	✓	10	–	–
Fellaskáli	Fjallasel	2	185	1981	★★	✓	✓	✓	40	–	–
Haugakvíslarskáli	Fjallasel	2	128	1974-1985	★★	✓	✓	✓	22	–	✓
Hólmavatn (Bræðraborg)	Fjallasel	1	18	–	–	–	–	–	–	–	–
Húksheiðarskáli*	Fjallasel	3	60	–	★	✗	✗	✗	12	–	–
Hveraborg (Síká)	Fjallasel	1	–	1998-1999	↓	–	–	–	12	–	✓
Kvíslarvötn	Fjallasel	1	–	–	–	–	–	–	20	–	–
Mönguhólsskáli	Fjallasel	1	29	1992	↓	✗	✓	✗	12	–	–
Núpsheiðarskáli*	Fjallasel	2	53	1999	★★	✓	✓	✓	21	–	✓
Skútagil (Hrútsfirðingaskáli)*	Fjallasel	2	48	1943	★★	✗	✓	✗	18	–	–

* Ekki eru fyrirbyggjandi upplýsingar um flatarmál allra húsa

★★ Gott ★ Sæmlegt ↓ Slæmt – Ekki vitað ✓ Já ✗ Nei

Ferðaþjónustustaðir

- Hálandismiðstöð
- Jaðarmiðstöð
- Skálasvæði
- Fjallasel
- Annað

Mörk

- Mörk miðhálandis
- Mörk sveitarfélaga
- Friðlýst svæði
- Vatnajökulsþjóðgarður

Háspennulínur

- 132 kV
- 220 kV

Orkumannvirki og lón


- ▨ Lón
- Smávirkjun
- Aflstöð

Önnur mannvirki

- ▲ Fjarskiptamannvirki

Samgöngur

- Stofnvegur
- Stofnvegur um hálandi
- Landsvegur
- Tengivegur



Húnavatnshreppur

Ferðapjónustustaðir

Á hálendishluta Húnavatnshrepps eru ferðapjónustubyggingar á 11 stöðum. Þar af er einn staður skilgreindur sem jaðarmiðstöð, einn sem hálendismiðstöð og tveir sem skálasvæði í landsskipulagsstefnu. Aðrir staðir falla í flokk fjallaselja.

Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum eru alls 38 byggingar á þessum stöðum og er um 60% þeirra skráð í gögnum Þjóðskrár Íslands. Heildarflatarmál bygginga er 2.703 m². Í könnun sem gerð var árið 1997 við gerð svæðisskipulags miðhálendisins voru 19 byggingar með heildarflatarmál um 1.350 m² á hálendishluta Húnavatnshrepps.

Áfangi er skilgreindur sem jaðarmiðstöð og Hveravellir sem hálendismiðstöð í landskipulagsstefnu (og áður svæðisskipulagi miðhálendisins). Auk þess eru Strangakvísl og Galtará skálasvæði. Á þessum stöðum er gisting auk þess sem þar eru hesthús. Á Auðkúluheiði, Grímstunguheiði, Haukagilsheiði og við Vestara-Friðmundarvatn (Höfðaver) eru stakir fjallaskálar auk hesthúsa og þjóna einnig sem gangnamannahús.

Gistirúm eru alls 250 samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum. Samanborið við niðurstöður könnunarinnar árið 1997 hefur fjöldi gistirúma nokkurn veginn staðið í stað.

Þjónusta við ferðamenn á hálendishluta Húnavatnshrepps er einkum við Kjalveg, Vesturheiðarveg og vegtengingar út frá þeim. Veigamesti þjónustustaðurinn eru Hveravellir við Kjalveg en þar er gisting og veitingaþjónusta. Hveravellir eru friðlýst náttúruvætti. Strangakvísl og Áfangaflá eru innan friðlandsins í Guðlaugstungum norðan Hofsjökuls.

Virkjanir og orkuflutningsmannvirki

Á hálendishluta Húnavatnshrepps eru lón og miðlunarmannvirki sem eru hluti Blönduvirkjunar. Það eru lónin Blöndulón, Smalatjörn og Þristikla og tilheyrandi stíflumannvirki og skurðir. Engar háspennulínur eru á hálendishluta Húnavatnshrepps.

Vegir

Innan hálendishluta sveitarfélagsins liggur Kjalvegur (35) sem er stofnvegur á hálendi. Einnig Vesturheiðarvegur (734 og F734), Mælifellsdalsvegur (756) og Þjófadalsvegur (F735) sem teljast til landsvega. Auk þess Þjófadalsvegur að Hveravöllum (735) og Hveravallavegur (735) sem báðir eru tengivegir.

Fjarskiptamannvirki

Á hálendishluta Húnavatnshrepps eru fjarskiptamöstur á tveimur stöðum, á Áfangafelli og Hveravöllum. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum er auk þess á Áfangafelli lítið hús sem hýsir tækniúnað.

Staður/svæði	Flokkur	Fjöldi	Stærð (m ²)	Byggingarár	Ástand	Vatnsveita	Salerni	Fráveita	Gistirúm	Veitingar	Eldunar- aðstaða
Auðkúluheiði (Arnarbæli, Sandkúlukvíslarskáli)	Fjallasel	3	301	1971-1987	1/★/★★	✗	✗	✗	10	✗	—
Áfangaflá	Fjallasel	1	87	—	1	—	—	—	—	—	—
Áfangi	Jaðarmiðstöð	4	456	1992-2016	★/★★	✓	✓	✓	45	✗	—
Eyvindarstaðaheiði (Bugaskáli)	Fjallasel	1	—	1950	★	✗	✓	✗	10	✗	—
Galtará	Skálasvæði	3	395	1987-2014	★★	✓	✓	✓	40	✗	✓
Grímstunguheiði (Öldumóðsskáli)	Fjallasel	3	184	1977-1991	★/★★	✓	✓	✓	26	✗	✓
Haukagilsheiði (Álkuskáli)	Fjallasel	3	161	1978-2012	★/★★	✓	✓	✓	20	✗	—
Höfðaver	Fjallasel	1	30	—	—	—	—	—	8	✗	—
Hveravellir*	Hálendismiðstöð	12	709	1922-2014	1/★/★★	✓	✓	✓	51	✓	—
Strangakvísl*	Skálasvæði	6	380	1960-1984	★/★★	✓	✓	✓	40	✗	—
Vestara-Friðmundarvatn	Fjallasel	1	—	—	—	—	—	—	—	✗	—

* Ekki eru fyrirbyggjandi upplýsingar um flatarmál allra húsa

★★ Gott ★ Sæmlegt 1 Slæmt — Ekki vitað ✓ Já ✗ Nei

Ferðaþjónustustaðir

- Hálandismiðstöð
- Jaðarmiðstöð
- Skálasvæði
- Fjallasel
- Annað

Mörk

- Mörk miðhálandis
- Mörk sveitarfélaga
- Friðlýst svæði
- Vatnajökulsþjóðgarður

Háspennulínur

- 132 kV
- 220 kV

Önnur mannvirki


- ▲ Fjarskiptamannvirki

Orkumannvirki og lón

- ▨ Lón
- Smávirkjun
- Aflstöð

Samgöngur

- Stofnvegur
- Stofnvegur um hálandi
- Landsvegur
- Tengivegur



Sveitarfélagið Skagafjörður

Ferðapjónustustaðir

Á hálendishluta Sveitarfélagsins Skagafjarðar eru ferðapjónustubyggingar á tveimur stöðum. Annar þeirra, Ingólfsskáli, er skálasvæði samkvæmt skilgreiningu landsskipulagsstefnu á ferðapjónustustöðum á hálendinu en hinn, Skiptabakki, er fjallasel.

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum eru þrjár byggingar á þessum stöðum og eru þær allar skráðar í gögnum Þjóðskrár Íslands. Heildarflatarmál er um 157 m². Í könnun sem gerð var árið 1997 við gerð svæðisskipulags miðhálandisins voru einnig þrjár byggingar með heildarflatarmál 147 m² á hálendishluta Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Gistirúm eru alls 58 samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum. Samanborið við niðurstöður könnunarinnar árið 1997 hefur fjöldi gistirúma staðið í stað.

Virkjanir og orkuflutningsmannvirki

Engar virkjanir eða orkuflutningsmannvirki eru á hálendishluta Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Vegir

Um hálendishluta Sveitarfélagsins Skagafjarðar liggja tveir landsvegir, Mælifellsdalsvegur (756) og Skagafjarðarleið (F752).

Fjarskiptamannvirki

Á hálendishluta sveitarfélagsins eru engin fjarskiptamannvirki.

Staður/svæði	Flokkur	Fjöldi	Stærð (m ²)	Byggingarár	Ástand	Vatnsveita	Salerni	Fráveita	Gistirúm	Veitingar	Eldunar- aðstaða
Ingólfsskáli	Skálasvæði	1	44	1983	★	✘	✓	–	28	✘	✓
Skiptabakki	Fjallasel	2	113	1976–1980	–	✓	✓	✓	30	✘	✓

* Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um flatarmál allra húsa

★★ Gott ★ Sæmilegt ↵ Slæmt – Ekki vitað ✓ Já ✘ Nei

Ferðaþjónstustaðir

- Hálandismiðstöð
- Jaðarmiðstöð
- Skálasvæði
- Fjallasel
- Annað

Mörk

- Mörk miðhálandis
- Mörk sveitarfélaga
- Friðlýst svæði
- Vatnajökulsþjóðgarður

Háspennulínur

- 132 kV
- 220 kV

Orkumannvirki og lón


- ▨ Lón
- Smávirkjun
- Aflstöð

Önnur mannvirki

- ▲ Fjarskiptamannvirki

Samgöngur

- Stofnvegur
- Stofnvegur um hálandi
- Landsvegur
- Tengivegur



Akrahreppur

Ferðapjónustustaðir

Á hálendishluta Akrahrepps eru ferðapjónustu- byggingar á tveimur stöðum, hvort tveggja stakir fjallaskálar sem falla í flokk fjallaselja samkvæmt skilgreiningu landskipulagsstefnu á ferðapjónustustöðum á hálendinu.

Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum eru alls þrjú hús á þessum stöðum og eru tvö þeirra skráð í gögnum Þjóðskrár Íslands. Heildar- flatarmál bygginga er 178 m². Í könnun sem gerð var árið 1997 við gerð svæðisskipulags miðhálandisins voru ekki upplýsingar um byggingar á hálendishluta Akrahrepps. Gistirúm eru alls 17 samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum og um er að ræða gistingu í fjallaskálum. Byggingarnar þjóna sem gangnamannahús, gönguskálar og aðstaða fyrir vélsleðamenn. Auk þess er hesthús við Sesseljubúð.

Virkjanir og orkuflutningsmannvirki

Engar virkjanir eða orkuflutningsmannvirki eru á hálendishluta Akrahrepps.

Vegir

Skagafjarðarleið (F752), landsvegur, liggur um hálendishluta Akrahrepps.

Fjarskiptamannvirki

Engin fjarskiptamannvirki eru á hálendishluta Akrahrepps.

Staður/svæði	Flokkur	Fjöldi	Stærð (m ²)	Byggingarár	Ástand	Vatns-veita	Salerni	Fráveita	Gistirúm	Veitingar	Eldunar- aðstaða
Gráni og Sesseljubúð	Fjallasel	2	166	1920–1959	–	–	–	–	11	✘	✓
Litlakot	Fjallasel	1	12	1982	★★	✘	✘	✘	6	✘	✓

★★ Gott ★ Sæmilegt ↪ Slæmt – Ekki vitað ✓ Já ✘ Nei

Ferðaþjónustustaðir

- Hálandismiðstöð
- Jaðarmiðstöð
- Skálasvæði
- Fjallasel
- Annað

Mörk

- Mörk miðhálandis
- Mörk sveitarfélaga
- Friðlýst svæði
- Vatnajökulsþjóðgarður

Háspennulínur

- 132 kV
- 220 kV

Orkumannvirki og lón


- ▨ Lón
- Smávirkjun
- Aflstöð

Önnur mannvirki

- ▲ Fjarskiptamannvirki

Samgöngur

- Stofnvegur
- Stofnvegur um hálandi
- Landsvegur
- Tengivegur



Eyjafjarðarsveit

Ferðaþjónustustaðir

Á hálendishluta Eyjafjarðarsveitar eru ferðaþjónustubyggingar á þremur stöðum. Einn þeirra er hálendismiðstöð samkvæmt skilgreiningu landsskipulagsstefnu og tvö fjallasel. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum eru alls sjö byggingar á þessum stöðum og er um helmingur þeirra skráður í gögnum Þjóðskrá Íslands. Heildarflatarmál bygginga er 262 m². Í könnun sem var gerð árið 1997 við gerð svæðisskipulags miðhálendisins voru sjö byggingar með heildarflatarmál um 186 m² á hálendishluta Eyjafjarðarsveitar.

Samkvæmt landsskipulagsstefnu (og áður svæðisskipulagi miðhálendisins) er Laugafell hálendismiðstöð á hálendishluta Eyjafjarðarsveitar. Auk þess eru stakir fjallaskálar í Berglandi og Landakoti.

Gistirúm eru alls 75 samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum. Samanborið við niðurstöður könnunar árið 1997 hefur gistirúmum fjölgað frá þeim tíma. Það skýrist af uppbyggingu í Laugafelli.

Veigamesti þjónustustaðurinn á hálendishluta Eyjafjarðarsveitar er Laugafell við Skagafjarðarleið. Þar er gisting, tjaldstæði og skálavörður með aðsetur hluta úr ári. Á staðnum er auk þess heit laug.

Virkjanir og orkuflutningsmannvirki

Engar virkjanir eða orkuflutningsmannvirki eru á hálendishluta Eyjafjarðarsveitar.

Vegir

Um hálendishluta Eyjafjarðarsveitar liggja eftirfarandi landsvegir: Eyjafjarðarleið (F821), Skagafjarðarleið (F752) og Dragaleið (F881).

Fjarskiptamannvirki

Á hálendishluta Eyjafjarðarsveitar eru engin fjarskiptamannvirki.

Staður/svæði	Flokkur	Fjöldi	Stærð (m ²)	Byggingarár	Ástand	Vatnsveita	Salerni	Fráveita	Gistirúm	Veitingar	Eldunar- aðstaða
Bergland	Fjallasel	1	56	1932	★★	×	–	–	12	×	–
Landakot*	Fjallasel	2	30	1985	★★	×	✓	✓	8	×	✓
Laugafell	Hálendismiðstöð	4	176	1948–2010	★★	✓	✓	✓	55	×	✓

* Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um flatarmál allra húsa

★★ Gott ★ Sæmilegt ↘ Slæmt – Ekki vitað ✓ Já × Nei

